



Reglur um frístundastyrki í Kjósarhreppi

1. gr. Heimild

Sveitarstjórn Kjósarhrepps ákvarðar árlega upphæð frístundastyrkja. Skal fjárveitingin koma fram árlega í fjárhagsáætlun sveitarsjóðs.

2. gr. Markmið, tilgangur og skilyrði.

Meginmarkmið frístundastyrkja er að öll börn og unglingar á aldrinum 3-18 ára í Kjósarhreppi geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi, óháð efnahag og félagslegum aðstæðum.

Frístundastyrkur er framlag Kjósarhrepps til greiðslu kostnaðar styrkþega vegna náms utan hefðbundins skólanáms og þátttöku í hverskonar barna- og unglingastarfi á vegum viðurkenndra félagasamtaka og tómstundastarfs. (Dans, tónlistarnám, íþróttaiðkun, líkamsrækt, leiklist, myndlist og fl.)

Styrkurinn getur aldrei numið hærri upphæð en þeirri sem kemur fram á framlögðum greiðslukvittunum.

3. gr. Styrkupphæð.

Upphæð styrkja er ákvörðuð árlega við gerð fjárhagsáætlunar og kemur fram við álagningu gjalda.

4. gr. Skilyrði.

Skilyrði fyrir greiðslu styrkja eru:

Að styrkþegi eigi lögheimili og hafi aðsetur í Kjósarhreppi.

Að styrkþegi sé á aldrinum 3-18 ára, miðað við fæðingarár.

5. gr. Tímabil frístundastyrksins.

Tímabil frístundastyrksins er frá 1.janúar til 31. desember ár hvert. Sé styrkurinn ekki nýttur innan þess tímabils fellur hann niður.

Reglurnar voru uppfærðar og samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps, 3. september 2025.

Kjósarhreppi, 3. september 2025

Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri